

# Að Kjarvalsstöðum

## Leikmyndin

Kjarvalsstaðir hafa síðustu viku boðið upp á tvo merka listviðburði, annars vegar sýningu á verkum nokkurra íslenskra leikmyndateiknara í vestri sal, en hins vegar á göngum hússins og er þar um að ræða sýningu á framlagi Norðurlanda til Biennalsins í Fenevjunum sumarið 1978. Hyggst ég fjalla um þessar sýningar í þessu skrifi mínu og vil strax í upphafi vekja sérstaka athygli á því, að báðum sýningunum lýkur í dag, sunnudag, og er hér um alltof stuttan sýningartíma að ræða.

Sýning leikmyndateiknara er mjög fjölbætt, en þeir sýna allt í senn frumteikningavinnu, búninga og búningatillögur, grimur, líkón af leiktjóldum, myndastyttur og svo margvíslega hluti, er tilheyrja leiksýningum, t.d. gervimatvörur o.fl. Hér er þó ekki verið að rekja neina þróun heldur er stefnt að því að tína sem flest til, er þarf við gerð leikmynda, þannig að skoðandinn fái sem gleggsta innsýn í starf leikmyndagerðarmannsins og „ramma, stíl og heildaryfirbragð leiksýningar“, svo sem stendur á fjölprentuðu blaði, er liggur frammi og þjónar sem sýningarskrá. Fjórntán leikmyndagerðarmenn eiga nafn sitt undir samantekt um eðli sýningarinnar og er hér bæði um að ræða atvinnumenn svo og myndlistarmenn, er tekið hafa að sér að gera eina og eina leikmynd. Ekki er hér veglega að verki staðið, og missa leikmyndagerðarmenn af gullnu tækifæri til að kynna listgrein sína í veglegri sýningarskrá, sem hefði í senn getað þjónað sem heimild og uppsláttarrit um eðli leikmyndagerðar. Sjálf sýningin stendur hins vegar fyrir sínu, er mjög lifandi og fjölbætt, og henni tengist að auki heil leikmynd og lifandi leiksýning, Flugleikur Þjóðleikhússins, sem er sýndur á hverju kvöldi kl. 20.30. Þetta var skemmtileg hugmynd, en hún þrengir óneitanlega að sjálfri sýningunni og takmarkar hana um leið, svo það er umdeilanlegt hvort hún eigi heima þar, einnig í ljósi þess að leikurinn var sýndur á alþjóðlegu vörusýningunni nú nýlega. Sá, er kemur að kvöldi til að sjá sýninguna sjálfa, lendir því í myrkvudum sal og eru slíkir árekstrar jafnan til ama og eiga helst ekki að eiga sér stað.

— Það er fróðlegt að bera saman gjörólík vinnubrögð leikmyndateiknaranna þrátt fyrir sameiginlegt lokamark, — hver og einn velur sína sérstöku leið. Vinnubrögðin við gerð frumdráttar geta verið mjög skemmtileg og listræn, dæmi um það er t.d. riss Magnúsar Pálssonar við leikþáttinn „Loki þó“, en þar fer hann alveg á kostum. Þá eru líkón Birgis Engilberts ákaflega myndræn og jafnframt gædd mögnuðum tjáningarkrafti. Sama má segja um líkón Steinþórs Sigurðssonar, en þau eru ekki eins vel staðsett og koma ekki nægilega vel fram, — þau voru ólíkt áhrifameiri í Bogasal Þjóðminjasafnsins um árið.

Annars var hér ekki meiningin að fara í neina samanburðarfræði, til þess þyrfti að skrifa mjög ítarlega um sýninguna, en á því eru engin tók hér að sinni. Sýningin virkar annars þannig á mig, eins og aðstandendur hennar hafi verið í miklu tímahraki við uppsetningu hennar, þá koma gallar salarkynnanna meira í ljós heldur en kostir og masónit-plötur, sem eru notaðar sem bakgrunnur skissuvinnu, auka á þyngslu rýmisins. Þessi sýning sýnir berlega hina miklu þörf, sem er á léttum, meðfær-

## Myndlist

### eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

anlegum skilrúmum á þessum stað, og ætti það að hafa algjöran forgang að bæta úr því og það hið bráðasta.

Æskilegt væri, að næst þegar leikmyndagerðarmenn halda sýningu, verði undirbúningurinn meiri og betri og helst þyrftu þeir að taka alla Kjarvalsstaði undir þá sýningu. Slíkt fyrirtæki er vel framkvæmanlegt og ætti að geta skilað drjúgum hagnaði í sjóð samtaka þeirra og verða leikmyndagerð mikil lyftistöng, því að samanburður á vinnubrögðum er hér mjög hollur sem á öðrum sviðum. Ég hefði mikla ánægju af heimsóknum mínum á sýninguna og hefði viljað gera henni betri skil — sannast sagna þykja mér þessi skrif mín helst til snubbótt, en það er vísast í fullu samræmi við lengd sýningartímans — og svo er einungis að þakka fyrir sig með virktum.

einskorda hugtakið um of við ákveðnar stefnur og viðhorf í nútímalist.

Nú hef ég mjög takmarkaða hugmynd um útlit Biennalsins, síðan hann var endurreistur, hef enga sýningu séð og ei heldur sýningarskrá, nema þá er fylgir framlagi Norðurlanda þessu sinni. En ég sá nokkra Biennala af eldri gerðinni og voru þeir mjög misjafnir en jafnan áttu nokkrar þjóðir stóratyglivert framlag, og það gerði sýningarnar heimsóknar virði.


Þekkingarskortur minn gerir mig óhæfan um samanburðarfræði og skal því aðeins fjallað

um sýninguna að Kjarvalsstöðum, eins og hún kemur mér fyrir sjónir og vel ég að taka þjóðirnar fyrir eftir stafrófsröð.

Finnar sýna umhverfiskúlpúr eftir Olavi Lanu (f. 1925) frá Viapori í Suður-Kareliu, sem nú telst á rússnesku landsvæði. Myndir Olavi Lanu eru mjög sérkennilegar og eiga vafalítið uppruna sinn að rekja til endurminninga frá æskulóðunum í Kareliu, ég þykist merkja það, þótt ég hafi rétt aðeins tyllt þar tá fyrir rúmu ári. Það er eitt-hvað dulúðugt og magnað í umhverfismyndum Lanu, eitt-



Sigurður Guðmundsson: Rendez — vous.



Lárus Ingólfsson og Steinþór Sigurðsson á sýningunni.

## Norðurlönd á Fenevjabienalini

Það iðar allt af lífi í göngum Kjarvalsstaða, en þar sýna 7 listamenn myndverk sín, sem voru sameiginlegt framlag Norðurlandanna til Fenevjabienalsins 1978.

Sú stefna, sem hefur verið tekin, síðan Biennalinn var endurreistur, verður að teljast mjög heilbrigð, en hún byggist á því að sýna hið framsæknasta, sem telst að verið sé að gera á hverjum stað hverju sinni. Hér ber þó mjög að varast að

hvað í bland við þjóðarsálina og ávintýrin og djúp samsemd með nátturuni. Það er eins og ég finni og þekki hið finnska umhverfi í þessum myndum. Ljósmyndirnar þykja mér torránari, en þær eru gott tillegg við umhverfismyndirnar á gólfinu og hinar bestu þeirra búa yfir miklu áhrifamætti. Ljósmyndirnar eru allar teknar af listamanninum sjálfum og eru honum til sóma um vinnubrögð....

Það eru þrjár kennarar við húsagerðardeild Listaháskólans í Kaupmannahöfn, sem standa að baki framlagi Danmerkur, —



Olavi Lanu: Óraunverulegur veruleiki.

eru það langsamlega hrfimsta, sem hann hefur sýnt hérlendis til þessa. Sigurður virðist vera í stöðugri sókn í list sinni og hvílkur munur er t.d. á þessum vinnubrögðum og myndum þeim, er hann sýndi í Galleríe SÚM forðum daga eða t.d. því sem Galleríe Sudurgata 7 sýnir iðulega eftir Pétur og Pál, innlenda sem útlenda. Listamaðurinn hlýtur að vera í fremstu röð þeirra, sem iðka hugmyndafræðilega gjörninga á narkisísku sviði í Hollandi og þá jafnframt í heiminum í dag. Mynd hans „Un mobile“, sem gerð er á þessu ári, er líkust þrumuskoti í bláhornið, líkt og menn orða það stundum um einstaklega vel heppnaðar myndir og eftirminnilegar....

Norðmenn hafa valið að kynna einn sérstæðasta kólorista þeirra í málalari í dag, Frans Widerbe(1934). Hann malar stórar myndir sem einkennast í senn af frumlitum og frumkrafti. Í myndum hans bregður fyrir erfðavenju úr norskrum myndlist, áhrifum frá Edvard Munch, Thorvald Erichsen o.fl. Málverk Widerbergs eru mjög kraftmikil og áhrifarík, og stingur framlag hans skemmtilega í stúf við allt annað á sýningunni. Hér er sterkur og tilþrifamikill málari á ferð.

Framlag Svíanna eru svo þrívíddarmyndir Lars Englunds (1933). Hann er svo sannarlega allur í þrívídd og skúlptúr, hvar sem hann ber niður, í teikningum, lituðum myndum eða áþreifanlegum mekkano-móbílum sínum. Það er mjög lærdómsríkt að fylgjast með því, hvernig Englund rissar upp myndir út frá lögmálum frumformanna og kemst stöðugt að nýjum niðurstöðum, slíkt staðfestir einmitt óþrjúgandi möguleika frumformanna....

— Í heild hygg ég, að framlag Norðurlandanna til Biennalsins í Fenevjunum hafi verið fullnægjandi að þessu sinni, en hvort það sé hið þröttmesta og lífvænlegasta sem gert er í framúrstefnu í hverju landi fyrir sig er annað mál. Gæði sýningarinnar komu mér mjög á óvart og ég get með góðri samvisku hvatt sem flesta til að leggja leið sína á Kjarvalsstaði til að njóta þess, sem þar er að sjá.

Bragi Ásgeirsson.